

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um starfsnám nemenda í leikskólaliðanámi og leikskólakennaranámi

A fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfsnám nemenda í leikskólaliðanámi og leikskólakennaranámi vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu vinna að sameiginlegri umsögn í samvinnu við stýrihóp um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík:

Til að tryggja mönnun leikskólanna er auk þess lagt til að skóla- og frístundasvið leiti samstarfs við menntamálaráðuneytið og þá framhaldsskóla sem bjóða upp á leikskólaliðanám, um að komið verði á starfsnámi fyrir þessa nemendur á leikskólum.

Umsögn

Málið er á hugmyndastigi með samtali á milli stofnana að frumkvæði skóla- og frístundasviðs. Allar leiðir eru til skoðunar til þess að finna lausn sem getur gengið upp út frá bæði hagnýtum og lagalegum sjónarmiðum. Samtal hefur verið á milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntastofnana á framhaldsskólastigi.

Þessi hugmynd hefur lengi verið viðruð og meðal annars komið fram í tengslum við vinnu borgarinnar á undanförunum árum um bætt starfsumhverfi leikskólakennara, fagumhverfi stjórnenda leikskóla og stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Ákveðin hindrun er til staðar þar sem í lögum um leikskóla er gerð krafa um að 2/3 hluti starfsmanna sem sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum skuli vera með leyfisbréf kennara. Hvergi er rætt um hlutverk, skyldur og réttindi leikskólaliða. Starfsnám fyrir leikskólaliða sem leið til að tryggja mönnun leikskóla er því skýrum takmörkunum háð þar sem það gefur viðkomandi ekki neina stöðu innan leikskóla nema viðbótar launaflokk en myndi sannarlega veita þeim aukna innsýn í starfsumhverfi leikskóla og þarfir barna á leikskólaaldri.

Áherslan hefur því verið á að finna leiðir sem leitt geta til leyfisbréfs kennara. Þannig myndi leikskólaliðapróf í framhaldsskóla eða hjá Mími, geta gefið handhöfum þess forskot á að ljúka háskólanámi, t.d. með háskólabrú.

Ef staða leikskólaliða yrði tryggð í lögum, má leiða líkum að því að námið yrði eftirsóttara á framhaldsskólastigi. Slíkt krefst samtals við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila, s.s. félag leikskólakennara.

Ef boðið væri upp á t.d. þriggja ára starfsnám í samvinnu Reykjavíkurborgar við Borgarholtsskóla, þar sem nemendum væri veitt ákveðið svigrúm til náms og fengju auk þess starf sitt metið til eininga, gæti það haft jákvæð áhrif á stöðugleika í starfsmannahópum leikskóla og faglegt starf. Það sækjast ekki allir eftir að ljúka háskólaprófi en eru þó miklir



Reykjavíkurborg

fagmenn í sinni starfsgrein. Skóla- og frístundasvið mun því halda áfram að tryggja góða mönnun leikskóla innan þeirra ramma sem lög og reglugerðir setja og auka menntunarstig þeirra sem starfa í leikskólum.

Mikilvægt að þetta verði unnið í góðu samtali og samstarfi við Menntamálaráðuneytið og Háskóla Íslands.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið umsögnina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,
Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar